

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 18. apríl 1979

um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 70/221/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi eldsneytisgeyma fyrir fljótandi eldsneyti og undirakstursvörn á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra

(79/490/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 70/221/EBE:

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun ráðsins 78/547/EBE ⁽²⁾, einkum 11., 12. og 13. gr.,

1. Í stað 2. og 2. gr. a komi eftirfarandi:

„2. gr.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/221/EBE frá 20. mars 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi eldsneytisgeyma fyrir fljótandi eldsneyti og undirakstursvörn á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ⁽³⁾,

1. Aðildarríkjum er óheimilt að synja um EBE-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki af ástæðum sem varða geyma fyrir fljótandi eldsneyti uppfylli ökutækið kröfurnar sem settar eru fram í viðaukanum um geyma fyrir fljótandi eldsneyti.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með tilliti til reynslunnar sem aflað hefur verið og tæknistigs er nú mögulegt að herða kröfur og samræma þær raunverulegum aðstæðum við prófun í auknum mæli.

2. Aðildarríkjum er óheimilt að synja um EBE-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki af ástæðum sem varða undirakstursvarnir að aftan uppfylli ökutækið kröfurnar sem settar eru fram í viðaukanum um undirakstursvarnir að aftan eða ef á ökutækið hefur verið sett undirakstursvörn að aftan sem fengið hefur gerðarviðurkenningu sem tæknieining í skilningi 9. gr. a tilskipunar 70/156/EBE og sem sett hefur verið upp í samræmi við kröfur liðar II.5 í viðaukanum.

Búnaður fyrir undirakstursvörn að aftan er nú þegar á markaði, ýmist stakur eða áfestur við ökutæki. Ef unnt er að prófa slíkan búnað áður en hann er festur á ökutæki er mögulegt að greiða fyrir frjálsum flutningum með því að koma á EBE-gerðarviðurkenningu fyrir slíkan búnað sem teldist aðskilin tæknieining í skilningi 9. gr. a í tilskipun 70/156/EBE.

3. Aðildarríkjum er óheimilt að synja undirakstursvörn að aftan um EBE-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu ef hún, sé litið á hana sem tæknieiningu í skilningi 9. gr. a tilskipunar 70/156/EBE, uppfyllir viðeigandi kröfur sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

Ákvæði þessarar tilskipunar eru í samræmi við álit nefndar er sér um að aðlaga, í samræmi við tækniframfarir, tilskipanir til að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum á viðskiptum á sviði ökutækja.

2. gr. a

1. Aðildarríkjum er óheimilt að banna sölu nýs ökutækis eða að það sé skráð, tekið í notkun eða notað, af ástæðum sem tengjast geymum fyrir fljótandi eldsneyti uppfylli ökutækið kröfurnar sem settar eru fram í viðaukanum um geyma fyrir fljótandi eldsneyti.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 168, 26. 6. 1978, bls. 39.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 76, 6. 4. 1970, bls. 23 og Stjtið. EB nr. L 65, 15. 3. 1979, bls. 42.

2. Aðildarríkjum er óheimilt að banna sölu nýs ökutækis eða að það sé skráð, tekið í notkun eða notað, af ástæðum sem tengjast undirakstursvörn að aftan uppfylli ökutækið kröfurnar sem settar eru fram í viðaukanum um undirakstursvörn að aftan eða ef á ökutækið hefur verið sett undirakstursvörn að aftan sem fengið hefur gerðarviðurkenningu sem tæknieining í skilningi 9. gr. a tilskipunar 70/156/EBE og sem sett hefur verið upp í samræmi við kröfur liðar II.5 í viðaukanum.

3. Aðildarríkjum er óheimilt að banna markaðssetningu á undirakstursvörn að aftan sem lítið er á sem tæknieiningu í skilningi 9. gr. a tilskipunar 70/156/EBE ef hún er í samræmi við gerð sem fengið hefur gerðarviðurkenningu í skilningi 3. mgr. 2. gr.“

2. Eftirfarandi grein bætist við:

„2. gr. b

Aðildarríki sem veitir gerðarviðurkenningu skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sjá til þess að því berist upplýsingar um sérhverja breytingu á hluta eða á eiginleikum sem getið er um í liðum II.2.1 og II.2.2. í viðaukanum. Lögbær yfirvöld aðildarríkisins skulu ákveða hvort framkvæma á nýjar prófanir á breyttu gerðinni og gera nýja skýrslu. Ef slíkar prófanir sýna að kröfur þessarar tilskipunar eru ekki uppfylltar skal ekki heimila breytinguna.“

3. Viðauki við tilskipun ráðsins 70/221/EBE breytist í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Frá og með 1. janúar 1980 er engu aðildarríki heimilt, af ástæðum sem varða undirakstursvörn að aftan á ökutækjum:

— að neita að veita gerð ökutækis EBE-gerðarviðurkenningu eða að gefa út afrit af vottorðinu sem kveðið er á um í síðasta undirlíð 1. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar 70/156/EBE eða að veita innlenda gerðarviðurkenningu, eða

— banna að ökutæki séu tekin í notkun,

ef hlutar undirakstursvarnar að aftan fyrir slíka gerð ökutækis eða fyrir slík ökutæki eru í samræmi við ákvæði tilskipunar 70/221/EBE, eins og henni var síðast breytt með þessari tilskipun.

2. Aðildarríki skal frá og með 1. október 1980:

— ekki gefa lengur út vottorðið sem kveðið er á um í síðasta undirlíð 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 vegna gerðar sem er ekki í samræmi við ákvæði tilskipunar 70/221/EBE, eins og henni er síðast breytt með þessari tilskipun,

— neita að veita gerð ökutækis sem hefur undirakstursvörn að aftan úr hlutum sem eru ekki í samræmi við ákvæði tilskipunar 70/221/EBE, eins og henni er síðast breytt með þessari tilskipun, innlenda gerðarviðurkenningu.

3. Frá 1. október 1981, er aðildarríkjum heimilt að banna að ökutæki séu tekin í notkun sem hafa undirakstursvörn að aftan úr hlutum sem eru ekki í samræmi við ákvæði tilskipunar 70/221/EBE, eins og henni er síðast breytt með þessari tilskipun.

3. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg ákvæði til að framfylgja tilskipun þessari fyrir 1. janúar 1980, og tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. apríl 1979.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Étienne DAVIGNON

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Í stað liðar II komi eftirfarandi:

„II. UNDIRAKSTURSVÖRN AÐ AFTAN

II.1. **Almennt**

Ökutæki sem tilskipun þessi tekur til skulu hönnuð á þann veg að á þeim sé skilvirk vörn gegn undirakstri ökutækja úr flokkunum M₁ og N₁ að aftan ⁽¹⁾.

II.2. **Skilgreiningar**

II.2.1. *Gerð ökutækis fyrir undirakstursvörn að aftan*

Með hugtakinu „gerð ökutækis fyrir undirakstursvörn að aftan“ er átt við ökutæki sem eru eins að því er tekur til eftirfarandi eiginleika:

II.2.1.1. breiddar aftari öxuls, byggingar, stærðar, lögunar og efna í aftari hluta ökutækisins að svo miklu leyti sem þeir hafa áhrif á kröfur í liðum II.5.1 til II.5.4.5.5;

II.2.1.2. eiginleika fjöðrunar að svo miklu leyti sem þeir hafa áhrif á kröfur í liðum II.5.1 til II.5.4.5.5.

II.2.2. *Gerð undirakstursvarnar að aftan*

Með hugtakinu „Gerð undirakstursvarnar að aftan“ er átt við búnað sem er eins að því er tekur til eftirfarandi eiginleika:

II.2.2.1. lögunar,

II.2.2.2. stærða,

II.2.2.3. tenginga,

II.2.2.4. efna.

II.3. **Umsókn um EBE-gerðarviðurkenningu**

II.3.1. Umsókn um EBE-gerðarviðurkenningu á gerð ökutækis vegna undirakstursvarnar að aftan.

II.3.1.1. Framleiðanda eða viðurkendum fulltrúa hans ber að leggja fram umsókn um EBE-gerðarviðurkenningu á gerð ökutækis vegna undirakstursvarnar að aftan.

II.3.1.2. Henni skulu fylgja neðangreind gögn í þríriti og eftirfarandi upplýsingar:

II.3.1.2.1. lýsing á ökutækinu út frá þeim viðmiðunum sem um getur í lið II.2.1 ásamt málsettum teikningum og sundurgreindri ljósmynd eða teikningu af afturhluta ökutækisins. Númer og/eða tákni sem auðkenna gerð ökutækisins verða að koma fram;

II.3.1.2.2. tæknilýsing á hlutum undirakstursvarnar ásamt nægilega ýtarlegum upplýsingum.

II.3.1.2.3. Láta skal tæknipjónustunni sem annast gerðarviðurkenningarprófanimar í té ökutæki sem er sýnishorn gerðarinnar sem sótt er um viðurkenningu fyrir.

II.3.2. Umsókn um EBE-gerðarviðurkenningu vegna undirakstursvarnar að aftan sem telst vera tæknieining.

(¹) Flokkar sem tilheyra alþjóðlegu flokkuninni sem kveðið er á um í athugasemd b í tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra.

- II.3.2.1. Framleiðandi ökutækisins, framleiðandi undirakstursvarnarinnar eða viðurkenndir fulltrúar þeirra skulu leggja fram umsókn um EBE-gerðarviðurkenningu vegna undirakstursvarnar að aftan sem telst vera tæknieining í skilningi 9. gr. a tilskipunar 70/156/EBE.
- II.3.2.2. Umsókninni skal fylgja, fyrir hverja gerð undirakstursvarnar að aftan:
- II.3.2.2.1. gögn í þrífriti með lýsingu á tæknilegum eiginleikum búnaðarins;
- II.3.2.2.2. sýnishorn af gerð búnaðarins. Ef lögbær yfirvöld telja það nauðsynlegt er þeim heimilt að óska fleiri sýnishorna. Sýnishornin skulu greinilega og óafmáanlega merkt með viðskiptaheiti umsækjanda eða auðkenni, svo og tegundarheiti.
- II.4. **EBE-gerðarviðurkenning**
- II.4.1. Með EBE-gerðarviðurkenningarrvottorði fyrir gerð ökutækis skal fylgja viðauki sem ritaður er í samræmi við aðra af eftirfarandi fyrirmyndum:
- II.4.1.1. fyrirmyndina sem sýnd er í 1. viðbæti fyrir umsóknir sem um getur í lið II.3.1;
- II.4.1.2. fyrirmyndina sem sýnd er í 2. viðbæti fyrir umsóknir sem um getur í lið II.3.2.
- II.5. **Tilgreiningar**
- II.5.1. Öll ökutæki skulu smíðuð og/eða útbúið á þann veg að skilvirk vörn sé eftir fullri breidd þeirra gegn undirakstri ökutækja úr flokkunum M₁ og N₁⁽¹⁾ að aftan.
- II.5.2. Öll ökutæki í flokkunum M₁, M₂, M₃, N₁, O₁ eða O₂⁽¹⁾ teljast fullnægja skilyrði sem um getur í lið II.5.1 ef bil frá jörðu er ekki meira en 55 cm á öllum aftari hluta undirvagns eða aðalhlutum yfirvagns. Þessa krafa skal uppfyllt á 45 cm bili, mældu frá aftasta hluta ökutækisins.
- II.5.3. Öll ökutæki í flokkunum N₂, N₃, O₃ eða O₄ teljast fullnægja skilyrði sem um getur í lið II.5.1 að því tilskildu að:
- ökutækið sé búíð sérstakri undiraksturvörn að aftan í samræmi við kröfur í lið II.5.4, eða
 - ökutækið sé hannað og/eða útbúið á þann veg að aftan að, vegna lögunar sinnar og eiginleika, komi íhlutar þess í staðinn fyrir undirakstursvörn að aftan. Íhlutar sem til samans uppfylla kröfur sem um getur í lið II.5.4 teljast mynda undirakstursvörn að aftan.
- II.5.4. Búnaður til undirakstursvarnar að aftan, hér kallaður „búnaður“, samanstendur að öllu jöfnu af þverbíta og tengihlutum sem tengdir eru við langbíta undirvagns eða það sem er í stað þeirra.
- Hann skal hafa eftirfarandi eiginleika:
- II.5.4.1. búnaðurinn skal festur eins nærri afturenda ökutækisins og hægt er. Ef ökutækið er óhlaðið⁽²⁾, skal lægri brún búnaðarins hvergi vera meira en 55 cm frá jörðu;
- II.5.4.2. breidd búnaðarins skal hvergi vera meiri en breidd aftari öxuls frá ystu punktum hjólanna, að frátalinni bingu á hjólbörðum nærri jörðu, né skal hann vera meira en 10 cm styttri á hvorri hlið. Nú eru fleiri en einn aftari öxull og skal þá miða við þann sem breiðastur er;

⁽¹⁾ Flokkar sem tilheyra alþjóðlegu flokkuninni sem kveðið er á um í athugasemd b í tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra.

⁽²⁾ Eins og skilgreint er í lið 2.6 í I. viðauka við tilskipun 70/156/EBE.

- II.5.4.3. hæð þversniðs þverbitans skal ekki vera minni en 10 cm. Ekki skal vera beygja í átt að afturhluta ökutækisins á hliðum þverbitans og þær skulu ekki hafa skarpur ytri brúnir; þetta skilyrði telst uppfyllt ef hliðar þverbitans eru ávalar hið ytra og hafa bogferil sem er ekki minni en 2,5 mm;
- II.5.4.4. heimilt er að hanna búnaðinn á þann veg að unnt sé að breyta stöðu hans í afturhluta ökutækisins. Ef svo er gert, skal vera trygg aðferð til að festa hann í notkunarstöðu þannig að engin hætta sé á að hann færast úr henni án þess að til þess sé ætlast. Stjórnandi skal geta breytt stöðu búnaðarins með því að beita krafti sem er ekki meira en 40 daN;
- II.5.4.5. búnaðurinn skal veita kröftum sem verka langsum eftir áslínu ökutækisins nægilega mótstöðu og vera tengdur við langbita undirvagns eða það sem er í stað þeirra í notkunarstöðu.
- Þessi krafa telst uppfyllt ef sýnt er fram á að fjarlægð milli afturhluta búnaðarins og aftasta hluta ökutækisins sé ekki meiri en 40 cm á neinum af punktum P1, P2 og P3 á meðan og eftir að búnaðurinn er settur á. Þegar þessi fjarlægð er mæld skal skilja undan þá hluta sem eru í meira en 3 m hæð frá jörðu þegar ökutækið er óhlaðið;
- II.5.4.5.1. punktarnir P1 eru 30 cm frá langsum snertifleti ytra byrðis hjóla aftari öxuls; punktarnir P2 sem eru á línu sem tengir punktana P1 eru samhliða miðfleti ökutækisins langsum í 70 til og með 100 cm fjarlægð frá hvor öðrum en nákvæma staðsetningu þeirra ákveður framleiðandi. Hæð punktanna P1 og P2 frá jörðu skal framleiðandi ökutækisins skilgreina innan þeirra marka sem láréttar línur búnaðarins afmarka. Hæðin skal hins vegar ekki vera meiri en 60 cm í óhlöðnu ökutæki. P3 er miðpunktur beinnar línu sem tengir punktana P2;
- II.5.4.5.2. beita skal láréttum krafti, jöfnum 12,5% af tæknilegri hámarksþyngd ökutækisins en þó ekki meiri en $2,5 \times 10^4$ N, stöðugt á báða punktana P1 og punktinn P3;
- II.5.4.5.3. beita skal láréttum krafti, jöfnum 50% af tæknilegri hámarksþyngd ökutækisins en þó ekki meiri en $2,5 \times 10^4$ N, stöðugt á báða punktana P2;
- II.5.4.5.4. kröftunum sem skilgreindir eru í liðum II.5.4.5.2 og II.5.4.5.3 hér að framan skal beitt sínum í hvoru lagi af framleiðanda;
- II.5.4.5.5. þegar framkvæmdir eru prófanir til að ganga úr skugga um samræmi við áðurnefndar kröfur skulu eftirfarandi skilyrði ætíð uppfyllt:
- II.5.4.5.5.1. búnaðurinn skal vera tengdur við langbita undirvagns eða það sem er í stað þeirra;
- II.5.4.5.5.2. tilgreindum kröftum skal beitt með bullum með hentugum tengslum (t.d. með hjöruliðum) og skulu vera samhliða miðfleti ökutækisins langsum á fleti sem er ekki meira en 25 cm að hæð (nákvæma hæð skal framleiðandi tilgreina) og 20 cm breiður, með bogferil lóðréttra brúna $5 \text{ mm} \pm 1 \text{ mm}$; miðja flatarins skal sett á punktana P1, P2 og P3, hverja á fætur öðrum.
- II.5.5. Þrátt fyrir undanfarandi kröfur er ekki skylt að festa undirakstursvörn að aftan á ökutæki af eftirfarandi gerðum:
- tengivagnadráttarvélar;
 - stórtimbursvagna eða annars konar eftirvagna sem ætlaðir eru til flutninga á trjábolum eða öðrum mjög löngum hlutum;
 - ökutæki sem er ekki hægt að setja undirakstursvörn á vegna fyrirhugaðrar notkunar þeirra.

1. VIÐBÆTIR

FYRIRMYND

(Hámarksstærð: A4 (210 × 297 mm))

Yfirvald

VIÐAUKI VIÐ EBE-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ FYRIR ÖKUTÆKI:
 UNDIRAKSTURSVÖRN AÐ AFTAN (TILSKIPUN 79/490/EBE UM BREYTINGU Á TILSKIPUN
 70/221/EBE)

(2. mgr. 4. gr. og 10. gr. tilskipunar ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga
 aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra)

- EBE-gerðarviðurkenningarnúmer
1. Vörunúmeri eða heiti ökutækis
 2. Gerð ökutækis
 3. Nafn og heimilisfang framleiðanda
 -
 4. Nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðanda (ef við á)
 -
 5. Eiginleikar hluta sem mynda undirakstursvörn að aftan
 -
 6. Ökutæki lagt fram til gerðarviðurkenningar þann
 7. Tækniþjónusta sem annast gerðarviðurkenningarprófanirnar
 -
 8. Dagsetning prófunarskýrslu tækniþjónustu
 9. Númer prófunarskýrslu tækniþjónustu
 10. Gerðarviðurkenning með tilliti til undirakstursvarnar að aftan var veitt/ekki veitt⁽¹⁾
 11. Staður
 12. Dagsetning
 13. Undirritað
 14. Eftirtalin gögn, með gerðarviðurkenningarnúmeri sem um getur hér að framan, fylgja þessum viðauka:
 málsettar teikningar
 sundurgreind teikning eða ljósmynd af afturhluta ökutækisins
 15. Athugasemdir
 -

⁽¹⁾Strikið yfir það sem ekki á við.

2. VIÐBÆTIR

FYRIRMYND

(Hámarksstærð: A4 (210 × 297 mm))

Yfirvald

EBE-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ FYRIR TÆKNIEINGU: (TILSKIPUN 79/490/EBE UM BREYTINGU Á TILSKIPUN 70/221/EBE)

(9. gr. a tilskipunar ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra)

Tæknieining: gerð undirakstursvarnar að aftan

EBE-gerðarviðurkenningarnúmer tæknieiningarinnar

1. Vörumerki eða heiti undirakstursvarnar að aftan
2. Gerð undirakstursvarnar að aftan.
3. Nafn og heimilisfang framleiðanda
4. Nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðanda (ef við á)
5. Eiginleikar undirakstursvarnar að aftan
6. Takmarkanir á notkun og áfestingarlýsing (ef við á)
7. Undirakstursvörn að aftan lögð fram til EBE-gerðarviðurkenningar sem tæknieining þann
8. Tækniþjónusta sem annast gerðarviðurkenningarprófanimar á tæknieiningunum
9. Dagsetning prófunarskýrslu tækniþjónustu
10. Númer prófunarskýrslu tækniþjónustu
11. Gerðarviðurkenning með tilliti til undirakstursvarnar að aftan var veitt/ekki veitt⁽¹⁾
12. Staður
13. Dagsetning
14. Undirritað
15. Eftirtalin gögn, með gerðarviðurkenningarnúmeri sem um getur hér að framan, fylgja þessu vottorði: . . .
 (útfyllist, ef við á)
16. Athugasemdir

⁽¹⁾Strikið yfir það sem á ekki við.